

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs 27. fundur 17. maí 2005

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs þriðjudaginn 17. maí 2005 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 16.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Kristínar Þorgeirsdóttur skjalavarðar í veikindaförföllum héraðsskjalavarðar. - Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem var sem hér segir:

1. Sýning Héraðsskjalasafns og Bókasafns Kópavogs.
2. Kostnaður vegna sýningar.
3. Boðsgestir og opnun
4. Starfsmannamál.
5. Önnur mál.

1. Sýning Héraðsskjalasafns og Bókasafns Kópavogs.

Skjalavörður upplýsti að sunnudaginn 22. maí kl. 14.00 yrði sýningin "Börn í Kópavogi í 50 ár" (sbr. 26. fg., 1.l. a) opnuð í húsakynnum safnsins í tilefni af hálftrar aldar afmæli Kópavogsbæjar, en myndir yrðu einnig settar upp á "búkkum" sem vörðuðu veginn að bókasafninu sem sýningin er haldin í samvinnu við að frumkvæði afmælisnefndar bæjarins.

Aflað hefur verið mynda frá bæjarbúum og er gert ráð fyrir að þær verði um 100 á sýningunni, hengdar upp og sýndar rafrænt á skjá í báðum söfnunum. Skjalaverði var falið að númera þær og gera einfalda skrá yfir þær í samræmi við það þar sem þess væri getið frá hverjum þær væru fengnar. Tímans vegna þarf að vinda bráðan bug að því og mun ritari fara yfir skrána með skjalaverði. Ritari stakk upp á því að í framhaldi af sýningunni yrði kannað hvort safnið gæti eignast kópiu af myndunum eða fengið eitthvað af þeim með öðrum hætti. Yrði þá jafnframt gerð um þær eins ýtarleg skrá og unnt væri í framhaldi af hinni - með upplýsingum um uppruna þeirra, tókustað, ljósmyndara og eigendur og af hverjum myndirnar eru.

2. Kostnaður vegna sýningar.

Skjalavörður upplýsti að kostnaður við undirbúning sýningarinnar næmi þegar um 70 þús. kr., en gert var ráð fyrir að hann gæti orðið um 150 þús. kr. Í framhaldi af samtölum við samstarfsaðila var gerð tillaga um hvernig hann skiptist á milli þeirra sem að sýningunni standa og skjalaverði falið að skýra þeim frá niðurstöðunni og ganga frá málinu með viðeigandi móti.

3. Boðsgestir og opnun.

Skjalaverði var falið að hafa samband við skrifstofu Fræðslu- og menningarsviðs og óska eftir því að það sæi um boð á opnun sýningarinnar í samvinnu við Lista- og menningarráð. Þess var sérstaklega óskað að eftirtöldum yrði boðið:

þjóðskjalaverði eða fulltrúa hans og forstöðumönnum eða fulltrúum myndadeildar Þjóðminjasafns, Borgarskjalasafns og Ljósmyndasafns Reykjavíkur. Hilmar Björgvinsson mun opna sýninguna með ávarpi, en eftir að hún hefur verið skoðuð í safninu verða útimyndirnar skoðaðar og gengið með gestum yfir í bókasafnið og boðið þar upp á veitingar sem skjalaverði var falið að panta hjá fulltrúum bæjarins.

4. Starfsmannamál

Samþykkt var vegna aðstæðna að óska eftir að Ragnheiður Pétursdóttir yrði í fullu starfi í safninu fyrst um sinn.

5. Önnur mál.

Næsti fundur var ákveðinn föstudaginn 20. maí vegna lokaundirbúnings sýningarinnar og verður þá farið yfir framkvæmdaratriði í því sambandi.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 17.10.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hjörtur Pálsson
ritari

Gylfi Gröndal
meðstjórnandi

Kristín Þorgeirsdóttir
skjalavörður